



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: *Varðandi tillögu Sjálfstæðisflokksins um systkinaafsláttur vegna frístundagjalds í grunnskólum utan Reykjavíkur*

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. maí 2020 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að allir reykvískir foreldrar njóti jafnræðis þegar kemur að systkinaafslætti vegna frístundagjalds. Því leggja þeir til að systkinaafsláttur gildi um öll reykvísk börn hvort sem þau stunda nám við borgarrekna skóla eða sjálfstætt starfandi skóla utan Reykjavíkur.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundaráð samþykkti þann 9. apríl 2019 og borgarráð þann 2. maí 2019 að gerðar verði breytingar á ákvæðum er varða systkinaafslátt í reglum um leikskólabjónustu, reglum um bjónustu frístundaheimila og reglum um bjónustu félagsmiðstöðva með þeim hætti að barnafjölskyldur greiði námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig. Breytingarnar tóku gildi frá 1. janúar 2019. Þá er í samningum um framlag vegna reksturs frístundaheimila við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavíkur kveðið á um systkinaafslátt.

Hægt er að sjá nánari upplýsingar um ákvörðunina hér:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/158_8_tillaga_namsgjald.pdf

Í fylgiskjali vegna framangreindrar ákvörðunar er getið þeirra tilfella þar sem ekki er veittur systkinaafsláttur.

Skóla- og frístundasvið greiðir ekki framlag til annarra sveitarfélaga eða sjálfstætt rekinnna grunnskóla utan Reykjavíkur vegna reykvískra nemenda í frístundaheimilum þeirra eða fær ekki greitt vegna barna með lögheimili í öðrum sveitarfélögum sem sækja frístundaheimili í Reykjavík. Ekki hefur verið gerður samningur um greiðslu framlags eða settar um það reglur.